

Kvikmyndasafn Íslands

16 208

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Kvikmyndasafn Íslands

kt. 530678-0409

Hvaleyrarbraut 13, 220 Hafnarfjörður

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Kvikmyndasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli kvikmyndalaga nr. 137/2001 og reglugerðar nr. 446 um Kvikmyndasafn Íslands.

Safnið starfar auk þess á grundvelli ákvæða safnalaga og laga um skylduskil til safna. Það fer í starfi sínu að siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Alþjóðasamtaka kvikmyndasafna (FIAF).

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Samanburðartölur eldra árs eru frá 02-908.

Kvikmyndasafn Íslands hefur það meginhlutverk að safna, varðveita, skrásetja, sýna og rannsaka íslenskar kvikmyndir, safna samvinnuverkefnum íslenskra og erlendra aðila og erlendum kvikmyndum sem teknar hafa verið á Íslandi.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 179,1 milljónir og afkoma kr. 8,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 42,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Kvikmyndasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Kvikmyndasafns Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Þóra Ingólfssdóttir
forstöðumaður

(undirritar rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	155.400.000	150.800.000
Seld þjónusta	3	4.299.360	4.227.001
Framlög og ýmsar tekjur	4	9.850.782	12.164.162
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>9.586.368</u>	<u>8.394.707</u>
Tekjur samtals		179.136.510	175.585.870
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	89.421.392	85.170.530
Annar rekstrarkostnaður	6	71.921.970	80.618.045
Afskriftir	7	<u>9.586.368</u>	<u>8.394.707</u>
Gjöld samtals		170.929.730	174.183.282
Afkoma fyrir fjármagnsliði		8.206.780	1.402.588
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(8.714)</u>	<u>(12.660)</u>
		(8.714)	(12.660)
Afkoma ársins		<u>8.198.066</u>	<u>1.389.928</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(31.201.934)	(38.710.072)
Rekstrartilfærslur		<u>39.400.000</u>	<u>40.100.000</u>
		8.198.066	1.389.928

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	465.405	475.678
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		33.681.419	38.859.961
Farartæki og vélar		42.838	46.592
		<u>33.724.257</u>	<u>38.906.553</u>
Fastafjármunir samtals		<u>34.189.662</u>	<u>39.382.231</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.136.388	813.200
Tengdir aðilar	10	5.800.000	6.246.511
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	486.439
Handbært fé		411.764	214.658
Veltufjármunir samtals		<u>8.348.152</u>	<u>7.760.808</u>
Eignir samtals		<u>42.537.814</u>	<u>47.143.039</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		(1.688.048)	(9.886.114)
Eigið fé samtals		<u>(1.688.048)</u>	<u>(9.886.114)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	12.803.589	22.594.020
Viðskiptaskuldir		2.904.961	2.962.928
Ýmsar skammtímaskuldir	12	6.272.667	4.741.192
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	22.244.645	26.731.013
Skuldir samtals		<u>44.225.862</u>	<u>57.029.153</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>42.537.814</u>	<u>47.143.039</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		8.198.066	1.389.928
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	9.586.368	8.394.707
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(9.586.368)	(8.394.707)
		<u>8.198.066</u>	<u>1.389.928</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(836.749)	3.216.113
Tengdir aðilar		(8.637.719)	(2.679.969)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>1.473.508</u>	<u>(1.893.043)</u>
		(8.000.960)	(1.356.899)
		<u>197.106</u>	<u>33.029</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(255.116)	(488.609)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(4.138.683)	(7.247.494)
		<u>(4.393.799)</u>	<u>(7.736.103)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	736.103
Fjárfestingarframlag		4.393.799	7.000.000
		<u>4.393.799</u>	<u>7.736.103</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		197.106	33.029
		<u>214.658</u>	<u>181.629</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>411.764</u>	<u>214.658</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2022, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Kvikmyndasafn Íslands 16 208 101	Tæki og búnaður 16 208 601	Samtals 2022
	Málefnasvið - málaflokkur		
	18 10	18 10	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	155.400.000	0	155.400.000
Seld þjónusta	4.299.360	0	4.299.360
Framlög og ýmsar tekjur	9.850.782	0	9.850.782
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	9.586.368	0	9.586.368
Tekjur samtals	179.136.510	0	179.136.510
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	89.421.392	0	89.421.392
Annar rekstrarkostnaður	71.921.970	0	71.921.970
Afskriftir	9.586.368	0	9.586.368
Gjöld samtals	170.929.730	0	170.929.730
Afkoma fyrir fjármagnsliði	8.206.780	0	8.206.780
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(8.714)	0	(8.714)
	(8.714)	0	(8.714)
Afkoma ársins	8.198.066	0	8.198.066
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(31.201.934)	0	(31.201.934)
Rekstrartilfærslur	39.400.000	0	39.400.000
	8.198.066	0	8.198.066
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárukalög	154.600.000	0	154.600.000
Launbætur	800.000	0	800.000
Fjárveiting til tekna	155.400.000	0	155.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(147.201.934)	0	(147.201.934)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	8.198.066	0	8.198.066
Staða fjárveitinga 2021 í lok þess árs	(9.886.114)	0	(9.886.114)
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(41.088.048)	0	(41.088.048)
Rekstrartilfærslur	39.400.000	0	39.400.000
	(1.688.048)	0	(1.688.048)
Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. fjárukalögum	5.100.000	0	5.100.000
Fjárfesting á árinu	(4.393.799)	0	(4.393.799)
Staða fjárfestingafjárveitingar	706.201	0	706.201
Staða fjárfestinga 2021 í lok þess árs	(16.592.218)	3.941.000	(12.651.218)
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2022	(15.886.017)	3.941.000	(11.945.017)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnviðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfspáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfspáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	155.400.000	150.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.586.368	8.394.707
	<u>164.986.368</u>	<u>159.194.707</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	115.200.000	39.400.000	0	154.600.000
Launabætur	800.000	0	0	800.000
Fjárveiting til tekna	116.000.000	39.400.000	0	155.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(147.201.934)	0	0	(147.201.934)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(31.201.934)	39.400.000	0	8.198.066

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	4.299.360	4.227.001
	<u>4.299.360</u>	<u>4.227.001</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	6.500.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	9.850.782	3.811.186
Ýmsar tekjur	0	1.852.976
	<u>9.850.782</u>	<u>12.164.162</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	71.322.851	70.327.569
Orlof, breyting	1.437.040	(455.822)
Launatengd gjöld	15.953.549	14.935.854
Starfsmannakostnaður	707.952	362.929
	<u>89.421.392</u>	<u>85.170.530</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	8,4	9,0
------------------------------	-----	-----

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	404.848	517.018
Byggingarvörur, almennar	492.002	371.957
Byggingarvörur, aðrar	72.182	260.865
Tæki og búnaður til innréttinga	0	9.300
Ýmis tæki og áhöld	1.728.188	2.177.674
Varahlutir og viðhaldsvörur	465.265	1.830.424
Orkugjafir	3.308.094	3.321.154
Matvæli	1.619.596	1.390.825
Almennar rekstrarvörur	2.236.806	3.000.139
Vörukaup, almenn	<u>10.326.981</u>	<u>12.879.356</u>

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Kennslu- og föndurvörur	0	19.892
Ýmsar sérgreindar vörur	63.354	204.679
Vörukaup, sérgreind	63.354	224.571
Fundir, námskeið, risna	698.356	1.208.153
Ferðir, uppihald	4.682.952	225.478
Akstur	145.875	203.716
Sérfræðiþjónusta	5.213.706	15.548.881
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	162.936	107.393
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.338.615	121.192
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	779.305	758.957
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	14.021.745	18.173.770
Afnotagjöld	4.520.949	4.430.602
Leigugjöld	38.398.179	36.581.840
Notkun véla og flutningatækja	441.311	180.800
Verkkaup	4.110.377	7.090.188
Tryggingar, lögboðnar	0	973.218
Opinber gjöld	7.008	0
Tilfærslur	0	12.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	47.477.824	49.268.648
Vörukaup	32.066	71.700
Vörur til endursölu og birgðabreyting	32.066	71.700
Annar rekstrarkostnaður samtals	71.921.970	80.618.045
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	8.257.486	8.118.766
Farartæki og vélar	3.754	3.754
Söluþap og úreltar eignir	1.059.739	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	265.389	272.187
	9.586.368	8.394.707
	31.12.2022	31.12.2021
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	465.405	475.678
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		914.225
Viðbætur á árinu		255.116
Selt/niðurfært á árinu		(63.198)
		1.106.143
Niðurfært 01.01.2022		438.547
Niðurfærsla ársins		265.389
Selt/niðurfært á árinu		(63.198)
		640.738
Staða 31.12.2022		465.405

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	33.681.419	38.859.961
Farartæki og vélar	42.838	46.592
	<u>33.724.257</u>	<u>38.906.553</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2022	85.436.953	56.290	85.493.243
Viðbætur á árinu	4.138.683	0	4.138.683
Selt/úrelt á árinu	(3.395.627)	0	(3.395.627)
	<u>86.180.009</u>	<u>56.290</u>	<u>86.236.299</u>
Afskriftir 01.01.2022	46.576.992	9.698	46.586.690
Afskrift ársins	8.257.486	3.754	8.261.240
Selt/úrelt á árinu	(2.335.888)	0	(2.335.888)
	<u>52.498.590</u>	<u>13.452</u>	<u>52.512.042</u>
Staða 31.12.2022	<u>33.681.419</u>	<u>42.838</u>	<u>33.724.257</u>

31.12.2022 31.12.2021

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	5.800.000	6.246.511
	<u>5.800.000</u>	<u>6.246.511</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	12.692.645	22.243.950
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	110.944	350.070
	<u>12.803.589</u>	<u>22.594.020</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(9.886.114)	(11.276.042)
Afkoma ársins	8.198.066	1.389.928
Jöfnuður 31.12.	<u>(1.688.048)</u>	<u>(9.886.114)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	6.178.232	4.741.192
Önnur ógreidd gjöld	94.435	0
	<u>6.272.667</u>	<u>4.741.192</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	34.189.662	39.382.231
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	<u>(11.945.017)</u>	<u>(12.651.218)</u>
	<u>22.244.645</u>	<u>26.731.013</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	39.382.231	(12.651.218)	26.731.013
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.100.000	5.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	4.138.683	(4.138.683)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	255.116	(255.116)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(9.586.368)</u>	<u>0</u>	<u>(9.586.368)</u>
	<u>34.189.662</u>	<u>(11.945.017)</u>	<u>22.244.645</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 8,1 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, rekstrar- og þjónustusamninga, aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 38,3 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga nema kr. 7,9 milljónum, vegna annarra samninga nema kr. 3,5 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.